
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2000-03

Fundartími: Þriðjudagur 4. apríl 1999 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Raforkunotkun ársins 1999.
2. Notkunarflokkar raforku 1999.
3. Aflþörf raforkukerfisins 1999.
4. Heimasíða Orkuspárnefndar.
5. Endurskoðun húshitunarspár.
6. Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ívar Þorsteinsson
Ólafur Pálsson

Guðmundur Guðmundsson
Edvard G. Guðnason
Guðmundur Valsson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

1. JV sagði að smávægilegar breytingar hefðu orðið á töflunum sem hann dreifði síðast um raforkunotkun ársins 1999 en sagði að breytingarnar væru það litlar að ekki væri ástæða til að dreifa þeim að nýju.
2. JV dreifði töflu yfir orkusölu rafveitna árið 1999 eftir notkunarflokkum. Hann sagði að erfiðlega hefði gengið að fá gögn frá sumum veitum og síðasta veitan skilaði þeim inn í morgun. Einnig virðast gögnin vera lakari en oft áður sem kemur fram í óeðlilega miklum eða litlum töpum. Á þetta við um veiturnar á Húsavík, í Hveragerði og á Selfossi. Hann sagðist hafa fengið tölur frá Orkuveitu Reykjavíkur fyrir nóvember 1998 til október 1999. Til að fá notkun ársins 1999 sagðist hann hafa hækkað alla flokka hjá þeim um 1,5% í samræmi við aukningu hjá þeim í orkuöflun á síðustu mánuðum ársins. Benti var á að villa var í samtalsdálki og ætlar JV að laga það. JV dreifði tölum um raforkunotkun á Íslandi eftir notkunarflokkum árin 1992 til 1999. Nokkur umræða varð um aukningu notkunar í einstökum flokkum. JV afhenti þá hverri veitu fyrir sig töflu yfir þróun notkunar á viðkomandi veitusvæði eftir notkunarflokkum árin 1991-1999.
3. JV sagði að mest öll afgangur væru komin og væri hann búinn að setja hluta af þeim inn í gagnagrunn Orkuspárnefndar. Úrvinnsla er ekki hafin úr þessum gögnum.
4. JV sagðist vera búinn að fá lénið orkuspa.is og gætu menn nú farið inn á heimasíðu orkuspárnefndar með að nota orkuspa.is.
5. Dreift var töflu um þróun raforkunotkunar árin 1990 til 1999 eftir orkuspársvæðum í notkunarflokknum 1930, sérmæld rafhitun íbúðarhúsnæðis. Notkunin hefur heldur farið

minnkandi á tímabilinu sérstaklega á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu og Vestfjörðum. Þegar litið er á einstök orkuspársvæði sést t.d. að þessi flokkur hefur minnkað verulega í Eyjafirði (3,8 %/ári) og Borgarfirði (5,1 %/ári) vætanlega vegna aukinnar útbreiðslu hitaveitna þar. Þá dreifði JV samsvarandi töflum fyrir þá flokka í landbúnað þar sem hitun er inni (101, 104, 105, 107). Þessi notkun hefur minnkað um tæp 4% á ári að meðaltali í Borgarfirði þetta tímabil en á Vesturlandi í heild er minnkunin 2%/ári að meðaltali. Í Eyjafirði er breytingin minni hér en í flokki 1930 eða 0,5 % minnkun á ári. Á Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi er minnkun um 0,8 %/ári þetta tímabil. Hér koma vætanlega bæði inn breytingar í landbúnaði og aukin útbreiðsla jarðvarma. Til að meta húshitunarþáttinn þarf að huga að líklegri þróun í útbreiðslu jarðvarma á næstu árum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:30. Næsti fundur ákveðinn 2. maí 2000.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Orkusala rafveitna árið 1999 eftir notkunarflokkum. (JV)

Raforkunotkun á Íslandi 1992-99. (JV)

Raforkunotkun á notkunarflokki 1930 eftir
orkuspárvæðum 1990-99. (JV)

Raforkunotkun á notkunarflokkum 101,
104, 105 og 107 eftir orkuspárvæðum 1990-
99. (JV)

Fundarmönnum voru afhentar töflur um
þróun raforkunotkunar árin 1991 til 1999 á
veitusvæðum viðkomandi veitu. (JV)